

Háskólinn á Akureyri
Leikskólakennarabraut 2007

AMO og leikskólinn.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri
Leikskólakennarabraut 2007

AMO og leikskólinn.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild
Leiðsögukennari: Guðmundur Engilbertsson

Yfirlýsing

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild

Guðmundur Engilbertsson

Útdráttur

Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar hvað uppeldi og kennslu barna með sérþarfir varðar. Samkvæmt lögum eiga öll börn jafnan rétt á að vera í leikskóla sama hvort þau eiga við sérþarfir að stríða eður ei. Áhugavert er að skoða hvernig kennslu barna með athyglisbrest með ofvirkni (AMO) er háttað innan leikskólans og hvernig þeirri hegðunarröskun er mætt inni á leikskólanum.

Höfundur gerði tvíþætta könnun. Annars vegar var kannað hvernig foreldrum leikskólabarna með AMO finnst starfsfólk skólans bregðast við börnum þeirra fyrir og eftir greiningu og skoðað hvort foreldrum finnst þörfum sínum fyrir fræðslu og stuðning mætt eftir greiningu barnsins. Hins vegar var kannað hvort starfsfólki leikskóla finnist það fá nógan stuðning og fræðslu og hvernig því þætti samstarf heimilis og skóla ganga fyrir sig. Settar voru fram þrjár tilgátur fyrir hvora athugun. Í viðtölum við foreldra barna með AMO voru tilgáturnar þær að foreldrar fái þá fræðslu og stuðning sem þeir þurfa á leikskólanum; alls staðar er staðið jafn vel að sérkennslumálum í leikskólum Akureyrar; og foreldrar eru yfirleitt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá fyrir börnin sín. Í viðtölum við starfsfólk leikskóla voru tilgáturnar þær, að kennarar fái þann stuðning inni á deild sem þeir þurfa; kennarar fá þá fræðslu sem þeir þurfa frá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu; og samstarf heimilis og skóla gengur vel hjá foreldrum og kennurum barna með AMO. Í úrtakinu voru fimm foreldrar sem áttu börn með AMO á leikskólastigi og fimm kennarar sem kenndu börnum með AMO á leikskólastigi. Fyrri könnunin leiddi í ljós að fjórar af sex tilgátum stóðust en það má töluvert bæta í leikskólakerfinu til þess að þjónusta börn með AMO og foreldra þeirra betur.

Abstract

In last two decades a huge change has occur in nurturing and teaching children with special need. By law, all children have an equal right to go to playschool whether they have special needs or not. It is interesting to find out how children with ADHD are educated in kindergarten and how their behaviour problems are treated. The writer of this project did twofold research.

The first research explains how parents of children with ADHD think the teachers respond to their children's before and after ADHD are analysed, and if the parents find their own needs have been fulfilled about education and support after the analysing.

The second research explains if the teachers think they get a support and education about ADHD they need and how they think the cooperation between home and school is going.

There were three hypotheses about each research. In the interview with the parents of children with AMO, the hypothesis where that parents gets the education and support that they need in preschool; everywhere in Akureyri the education for children with special needs are equally good; and parents are usually happy with the service they get for their children.

In the interview with the teachers, the hypotheses where that the teachers get a support in the preschool they need; teachers gets instructions from consulting – and psychology services; and the cooperation between home and school goes well for parents and teachers of children with ADHD.

In the sample were five parents of children's with ADHD in preschool and five teachers that teach children's with ADHD in kindergarten.

The first research led to the conclusion that four of six hypothesis were verified but there is much that could be done to improve service for children with AMO and their parents.

Þakkarorð

Þetta verkefni er lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Verkefnið var unnið vorið 2007. Leiðsögukennari var Guðmundur Engilbertsson.

Þátttakendum rannsóknarinnar þakka ég þáttökuna en án þeirra hefði þetta verkefni aldrei orðið til. Að auki vil ég þakka öllum þeim sem studdu við bakið á mér með ráðum og dáðum meðan á verkefnavinnunni fór fram og við hana.

Það er einlæg von mín að þetta verkefni geti orðið nemendum með AMO og starfsfólki leikskóla sem hafa börn með AMO í sinni umsjón til aðstoðar.

Gullkorn

Boðorðin 10 til foreldra.

1. Meta skaltu börn þín eins og þau eru en ekki eins og þú vilt hafa þau.
2. Líta skaltu á sérhvert barn sem sjálfstæðan einstakling en ekki sem „krakkann“.
3. Sinna skaltu sjálfum/sjálfri þér vel og lifa ekki lífinu í gegnum börnin þín.
4. Taka skaltu vel eftir öllu sem vel er gert, hvort sem það er stórt eða smátt, og viðurkenna það.
5. Láta skaltu börnum þínum í té óyggjandi upplýsingar af fremsta megni og treysta þeim til þess að veга þær og meta og draga síðan eigin ályktanir.
6. Þú skalt ekki láta börn þín nota þig eða misnota því að það skaðar þau
7. Fela skaltu börnum þínum ábyrgð hvenær sem færi gefst svo sjálfstæði verði þeim ekki um megn.
8. Gera skaltu börnum þínum ljóst að þú elskar þau án skilyrða, hvort sem ákvarðanir þeirra falla þér í geð eða ekki.
9. Gefa skaltu börnum þínum ráðrúm til þess að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna í stað þess að halda yfir þeim hlífiskildi fram í rauðan dauðann, eins og þú hefur tilhneigingu til.
10. Gleðjast skaltu innilega þegar forsjár þinnar er ekki lengur þörf, því að þá – og þá aðeins – hefurðu haft árangur sem erfiði.¹

¹ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:40

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
1. UPPHAF SÉRKENNSLU Í LEIKSKÓLUM Á ÍSLANDI OG ÞRÓUN HENNA	3
2. ATHYGLISBRESTUR MEÐ OFVIRKNI (AMO)	6
3. AÐSTOÐ VIÐ BÖRN MEÐ AMO Á LEIKSKÓLANUM	8
4. SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	12
5. ER STUÐNINGUR NAUÐSYNLEGUR KENNARA BARNS MEÐ AMO?	16
6. HVERNIG LÍTUR NEMANDI MEÐ AMO Á FÖTLUN SÍNA?	18
7. RANNSÓKN	20
NÍÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR –VIÐTÖL TEKIN VIÐ FORELDRA BARNA MEÐ AMO.....	24
NÍÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR –VIÐTÖL TEKIN VIÐ KENNARA.....	27
8. UMRÆÐA	30
LOKAORD	34
HEIMILDASKRÁ	35
FYLGISKJÖL	37

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla er leikskólakerfið hér á landi fyrir alla, hér á landi eiga öll börn jafnan rétt á því að ganga í leikskóla sama hvernig atgervi þeirra er háttað, hvort þau eru heilbrigð eða eiga við líkamlega eða andlega fötlun að stríða. Leikskólinn á að gæta þess að börnin einangrist ekki heldur blandist vel inn í þann barnahóp sem þau umgangast en öll börn hafa þörf fyrir félagsskap annarra barna hvort sem þau hafa einhverjar sérþarfir eða ekki.¹

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eiga foreldrar rétt á þeim stuðningi frá leikskóla barna sinna sem þeir þurfa varðandi uppeldi þeirra.² Leikskólakennarar eiga sjálfir rétt á ráðgjöf og þjónustu frá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt grein 16 í *reglugerð nr. 225/1995*.³ Lög og reglugerðir sníða því leikskólastarfi ramma sem ætti að tryggja foreldrum og börnum með sérþarfir góða þjónustu í leikskólum á Íslandi.

Í verkefninu verður gerð grein fyrir hugtakinu athyglisbrestur með ofvirkni (AMO), farið verður lauslega yfir sögu sérkennslu á leikskólum og reynt að komast að því hvort þörfum foreldra og kennara ofvirkra barna sé fullnægt varðandi fræðslu og stuðning á sérkennslusviðinu. Eins verður reynt að komast að því hvernig samstarf heimila og skóla gengur fyrir sig og hvort ekki séu einhverjir þættir í leikskólastarfinu sem þarfnist betrumbóta hvað snertir kennslu þessara barna.

Megin rannsóknarspurning verkefnisins er: Er staðið nægilega vel að sérkennslumálum hjá leikskólum Akureyrarbæjar, hvað varðar sérkennslu ofvirkra barna eða er umbóta þörf? Þar sem spurningin er viðamikil verður skoðað hvernig sérkennslu er háttað, hversu marga tíma á dag barn með ofvirkni fær stuðning og hvernig komið er fram við það og foreldra þess fyrir og eftir greiningu. Ætla má að þörfum nemenda með ofvirkni sé betur sinnt eftir greiningu þar sem leikskólinn fær þá meiri stuðning við kennslu og uppeldi barnsins en áður.

Í verkefninu verður einnig sagt frá leiðum sem hægt er að fara inni á leikskólanum til að aga barnið og halda ofvirkni þess í skefjum.

¹ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:15

² *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:30

³ *Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995*

1. Upphaf sérkennslu í leikskólum á Íslandi og þróun hennar.

Í aðalnámskrá leikskóla stendur skýrt að leikskólinn eigi að taka tillit til þarfa allra barna hverjar svo sem þarfir þeirra kunna að vera, það er að segja innan leikskólans á að taka sérstakt tillit til fatlaðra barna hvort sem þau eru andlega eða líkamlega fötluð. Þau þurfa að fá viðfangsefni við sitt hæfi og þess þarf að gæta að þau einangrist ekki heldur blandist barnahópnum og fái notið sín í félagslegri þátttöku innan hans. Öll börn sama hvort þau eiga við einhverja fötlun að stríða eða ekki hafa þörf fyrir félagsskap annarra barna og þeirri þörf ber að mæta innan leikskólans.⁴

Réttindi fatlaðra barna hafa ekki alltaf verið svona skýrt orðuð hvað varðar leikskóladvöl því fram til ársins 1930 hlutu málefni sem tengdust fötluðum og þroskaheftum einstaklingum á einhvern hátt enga athygli í lagasetningu né framkvæmdum. Það var ekki fyrr en Sesselja Sigmundsdóttir tók sig til og stofnaði barnaheimilið Sólheima fyrir fötluð og umkomulaus börn sem eitthvað fór að gerast í málefnum þeirra. Barnaheimilið tók í upphafi bæði við fötluðum og ófötluðum börnum þó þau síðarnefndu hafi verið í minni hluta hóp innan barnaheimilisins.⁵

Fyrsta ríkisrekna stofnunin sem ætluð var þroskaheftum var reist árið 1944 að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði en hún var lögð niður nokkrum árum seinna.⁶

Upp úr árinu 1958 fór ríkisreknum stofnunum fyrir þroskaheft og fötluð börn að fjölga. Vistheimilið Sólborg á Akureyri er dæmi um slíka stofnun. Það var stofnað árið 1959 af Styrktarfélagi vangefinna á Norðurlandi en Jóhannes Óli Sæmundsson námsstjóri var einn af hvatamönnum þess. Styrktarfélagið sá um að koma upp dagheimili fyrir fötluð börn þar sem þau fengu ekki einungis daggæslu heldur einnig kennslu.⁷

Segja má að í kringum árið 1975 hafi orðið nokkur vitundarvakning um félagsleg réttindi og stöðu þroskaheftra og í kjölfar þeirrar vakningar var farið að skipuleggja í heild þjónustu fyrir þá. Vitundarvakningin var með þeim hætti að farið var að tala um fatlaða og þroskahefta opinberlega í samfélaginu. Fram að þeim tíma

⁴ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:15

⁵ Margrét Margeirsdóttir 2001:117

⁶ Margrét Margeirsdóttir 2001:119

⁷ Margrét Margeirsdóttir 2001:123-131

hafði það viðhorf þrífist að best væri að fela þetta fólk inni á stofnunum og þar með einangra það frá samfélaginu.⁸

Í sögu sérkennslunnar eru það ekki einungis stofnanirnar sem hafa komið, farið og jafnframt breyst í tímanna rás heldur hafa lög sem snerta leikskóla einnig breyst.

Árið 1958 kom út fyrsti vísir að aðalnámskrá fyrir leikskóla undir nafninu *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili – markmið og leiðir*. Í lögum um leikskóla sem tóku gildi árið 1991 er leikskólinn viðurkenndur sem fyrsta skólastig barna og ætlaður öllum börnum. Þessi lög voru endurskoðuð árið 1994 og þeim breytt þannig að þau féllu að verkskiptingu ríkis og sveitafélaga.⁹

Í *reglugerð nr. 225/1995* um leikskóla segir í 20. og 21. grein að öllum sveitarfélögum sem standi að rekstri leikskóla eða hafa heimilað rekstur hans sé skylt að sjá starfsfólki hans fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu en hún fer eftir aðstæðum á hverjum stað. Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar skulu hafa uppeldis- og sálfræðimenntun og sérþekkingu á málefnum barna á leikskólaaldri.¹⁰ Eins og flestir vita eru sveitarfélögin í landinu misjafnlega stór og aðstæður misjafnar hvað varðar ráðgjafarþjónustu.¹¹

Í dag þurfa börn með sérþarfir eða fötlun og forráðamenn þeirra að sækja þjónustu til sérfræðinga á marga staði. Það kostar vinnutap, bensínkostnað og stress. Fólk getur jafnframt ekki búist við jafn góðri þjónustu landshluta á milli og jafnvel ekki á milli sveitafélaga.

Þjónustuna er hægt að samræma og er leikskólinn kjörinn vettvangur fyrir þess háttar starf en þau ár sem börn dvelja á leikskólum er dýrmætur tími og hann má nýta til fyrirbyggjandi starfs.¹²

Eins og áður hefur komið fram er blöndunarstefna í leikskólum á Íslandi en hún hefur verið ríkjandi frá því á sjöunda áratugnum. Það má segja að blöndunarstefnan sé afsprengi félagslegrar og pólitískrar réttindabaráttu fólks sem á við einhverskonar fötlun að stríða. Foreldrar fatlaðra barna vildu ekki einungis að börn þeirra fengju viðeigandi menntun, stuðning og uppeldi heldur einnig fullan aðgang að því samfélagi sem þau lifðu og hræðust í. Foreldrarnir vildu að börnin

⁸ Margrét Margeirsdóttir 2001:182

⁹ Dóra S. Bjarnason 1998:9

¹⁰ *Reglugerð um starfsemi leikskóla 225/1995*

¹¹ Heiðrún Sverrisdóttir 1996:68

¹² Heiðrún Sverrisdóttir 1996:69

þeirra fengju full mannréttindi og aðgang að öllum stofnunum rétt eins og annað fólk. Það að börnin fengju að ganga í almenna skóla og dagvistarstofnanir og hljóta þar þjálfun, uppeldi og kennslu sem þau þurftu var því einungis einn veigamikill þáttur blöndunarstefnunnar.¹³ Til að byrja með voru þau börn sem áttu við einhverja fötlun að stríða og þeir sérfræðingar sem sáu um þjálfun þeirra á svokölluðum sérdeildum innan leikskólanna en smám saman færðust þau inn á almennar deildir leikskólanna.¹⁴

Í dag er nám án aðgreiningar talin vera virkasta leiðin til að mynda samstöðu milli barna með sérþarfir og skólafélaga þeirra. Að börn séu send í sérskóla eða varanlega sérdeild í skólanum sínum er úrræði sem einungis skal beitt í þeim fáu tilvikum sem ljóst þykir að nám í almennum bekk í skóla eða á almennri deild í leikskóla fullnægi ekki þörfum barnsins frá menntunar- eða félagslegu sjónarhóli, eða ef velferð barnsins eða annarra barna er í hættu vegna blöndunar þess við hópinn til dæmis ef barnið sýnir of mikla andfélagslega hegðun.¹⁵ Reynslan sýnir hins vegar að börn með sérþarfir sýna mesta framför í námi og eflast best félagslega þar sem blöndun er innan bekkjar eða deildar.¹⁶

¹³ Dóra S. Bjarnason 1991:16

¹⁴ Dóra S. Bjarnason 1991:16

¹⁵ *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir* 1995:20-21

¹⁶ *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir* 1995:20

2. Athyglisbrestur með ofvirkni (AMO)

Athyglisbrestur með ofvirkni sem hér mun vera kallað AMO er hegðunarröskun sem veldur margvíslegum félagslegum og andlegum erfiðleikum hjá þeim sem hefur hana.

Talið er að rekja megi AMO til líffræðilegra orsaka og hefur athygli fræðimanna einkum beinst að lífefnafræði heilans á síðustu árum. Telja þeir að AMO stafi jafnvel af truflunum sem eiga sér stað í boðefnakerfi heilans. Það hefur þó ekki náðst að sanna hvernig þessi truflun er til komin en það þykir sennilegt að orsakirnar séu af ýmsu tagi. Erfðir spila tvímælaust stórt hlutverk því í fjölskyldum ofvirkra barna eru að meðaltali fleiri með sömu einkenni og ofvirka barnið en í öðrum fjölskyldum. Þó getur ofvirkni einnig komið fram þegar slys eða sjúkdómar eins og heilabólga valda skemmdum á taugavef.¹⁷

Ofvirkni kemur yfirleitt fram áður en barn nær sjö ára aldri en hún lýsir sér einkum á þrennan hátt, í athyglisbresti, hvatvísi og hreyfiofvirkni.

Athyglisbrestur kemur fram á þann hátt að barnið á erfitt með að einbeita sér að því sem verið er að gera og lýkur oft ekki verki. Það ríkir skipulagsleysi í öllum athöfnum barnsins og það fer úr einu verkefni í annað því það er mjög viðkvæmt fyrir utanað komandi áhrifum og minnsta hljóð grípur alla athygli þess. Oft er eins og barnið heyri ekki hvað sagt er við það en það getur átt auðvelt með að einbeita sér að því sem því þykir áhugavert og þá getur komið fram ofureinbeiting eins og barnið sé ekki í neinum tengslum við það sem er að gerast í kringum það. Þetta gæti ef til vill gerst ef barnið er í spennandi og tilbreytingarríkum tölvuleik eða við listsköpun.¹⁸

Hvatvísi lýsir sér þannig að barnið á erfitt með að bíða til dæmis eftir því að röðin komi að því í leik þannig að það ryðst fram fyrir í röð. Barnið grípur oft fram í þegar verið er að tala við það eða spyrja að einhverju. Með þessum hætti veldur hvatvísi barninu oft félagslegum erfiðleikum. Hvatvísi getur valdið því að barnið leggur sig eða aðra í hættu með því að gera eitthvað án þess að hugsa um afleiðingar þess.¹⁹

Hreyfiofvirkni birtist á þann hátt að barnið á erfitt með að halda kyrru fyrir til dæmis í sæti sínu, það iðar stöðugt og einhver líkamshluti þess er á stöðugri hreyfingu. Því má segja að barnið sé stöðugt á hreyfingu. Oft tala börn með

¹⁷ Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:12

¹⁸ Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:11-12

¹⁹ Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:11-12

hreyfiofyrirni frekar hátt og mikið og heyra ekki það sem sagt er við þau.²⁰ Það er misjafnt hve margir nemendur greinast í hverjum af þessum áður nefndu þremur hópum en talið er að um þrjú til fimm prósent grunnskólanema hafi AMO og að í þeim hópi sé ein stúlka á móti hverjum þremur til fjórum drengjum. Þó ber ekki öllum rannsóknnum um það saman. Sumar rannsóknir benda til að ein stúlka sé á móti tveimur til þremur drengjum en að einkenni hreyfiofyrirni þeirra séu önnur og því síður farið fram á greiningu eða að sérfræðingar eru kallaðir til.²¹

Oft fylgja aðrar raskanir AMO og kallast þær fylgiraskanir. Fjórðungur þeirra barna sem greinast með AMO þjáist af kvíða og tíu til þrjátíu prósent barna með AMO greinast með þráhyggju-áráttu einkenni. Þunglyndi og léleg sjálfsmynd er einnig algeng meðal þessara barna.²² Það er ef til vill ekki skrítið því þau verða oft fyrir aðkasti og einelti. Félagsleg höfnun getur byrjað strax í leikskóla og verða kennarar að hafa vakandi auga fyrir vandanum og grípa inn í áður en í óefni er komið. Þessi börn eiga oft erfitt með að setja sig í spor annarra en hafa sterka réttlætiskennd og vilja þóknast sem flestum. Það gerir að verkum að barn leiðist oft út í hæpnar aðgerðir eins og að vera sjálfskipaður björgunarmaður í deilumálum sem enda yfirleitt með því að deiluaðilar ráðast báðir á það. Þetta þykir barninu að sjálfsögðu óréttlátt því það ætlaði bara að hjálpa.²³

Börn með AMO eru ekki öll eins frekar en önnur börn. Þau hafa öll sín séreinkenni bæði hvað varðar hegðun og háttalag, sínar veiku og sterku hliðar, áhugamál og hæfileika.²⁴ Börn með AMO geta verið erfið en þegar þau fá notið sín eru þau yfirleitt skemmtileg, ófeimin, einlæg, hreinskilin, fróðleiksfús og sjálfstæð. Þau hugsa margt um lífið og tilveruna sem jafnaldrar þeirra hafa ekki velt fyrir sér. Þau hafa kímniþáfu og geta tekið léttu gamni og eru oftar en ekki meðvituð um vanda sinn.²⁵

²⁰ Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:11-12

²¹ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:16-17

²² Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:14

²³ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:11-12

²⁴ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:15

²⁵ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:18

3. Aðstoð við börn með AMO á leikskólanum

Það er krefjandi verkefni fyrir foreldra, kennara og aðra sem hafa barnið í sinni umsjá að beisla þá miklu orku sem barnið býr yfir. Það er hægt að gera með því að stuðla að góðum samskiptum og fá þau til að stunda reglulega líkamsþjálfun. Með hreyfingu losna börnin við umframorku sem annars héldi þeim órólegum en við losun orku verða þau afslappaðri og það leiðir af sér betri einbeitingu.²⁶

Aðrar aðferðir til að hjálpa börnum með AMO og draga úr einkennum eru að mynda góð tengsl við barnið bæði á leikskólanum og heima. Ekki er nóg að leikskólakennarar barnsins haldi utan um það heldur verður allur leikskólinn að koma að, kennarar, stuðningsfulltrúar, matráðar og annað starfsfólk.²⁷ Með því að mynda örugg og góð tengsl við barnið kemst kennarinn í meiri nálægð og barnið treystir honum. Kennarinn getur haft jákvæð áhrif á barnið með því að ganga til þess eða standa við hlið þess en það veitir barninu öryggistilfinningu og styrk.²⁸ Eins má ætla að barn taki betur leiðsögn frá þeim sem það treystir og hefur reynst því vel. Ofvirkt barn á stöðugt að vera undir eftirliti svo það stofni ekki sér og öðrum í hættu. Varast ber að setja barn í aðstæður sem það ræður illa við. Leikskólakennari ætti alltaf að gefa barninu auga í útveru. Ef barnið lendir í útistöðum og lemur aðra er mikilvægt að leikskólakennarinn biðji barnið sem varð fyrir aðkastinu fyrirgefningar og segi til dæmis „fyrirgefðu að ég passaði hann ekki nógu vel“. Þannig má koma í veg fyrir að barnið sé sífellt gert að blóraböggli. Barninu er gerð grein fyrir því að hegðun þess er óviðeigandi og óásættanleg. Það getur verið árangursríkt að láta barnið hlíta einhverjum refsingum til dæmis með því að missa „skófluleyfið“ eða „hlaupaleyfið“ þann útivistartíma sem það missti stjórn á sér.²⁹

Uppeldisaðferðir og aðrar aðferðir sem notaðar eru til að aga barnið, til dæmis refsingar, þurfa að vera miðaðar við þroska þess og getu. Ekki er sanngjarnt að refsa barni á leikskólaaldri með mikla hreyfiofþyrskil fyrir að geta ekki setið kyrrt í sögustundum heldur þarf að finna aðra lausn.³⁰ Barnið þarf að venjast því smám saman að sitja kyrrt og leggja sig fram við verkefni. Úthald og einbeitingu má þjálfva með margs konar æfingum eða leikjum með öllum hópnum sem dæmi: allir þegja eða

²⁶ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:18-19

²⁷ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:24

²⁸ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:62

²⁹ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:67

³⁰ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:68

sitja kyrrir og þeir sem springa fá gula eða rauða spjaldið. Það er líklegt að ofvirka barnið fái að minnsta kosti einu sinni rauða spjaldið en síðan fær það kannski bara gula spjaldið og svo ef til vill ekkert spjald. Æfingin skapar meistaran.³¹

Það er ekki hægt að ætlast til of mikils af börnum með athyglisbrest og best er að umhverfi deildarinnar og leikskólans alls sé fábrotið ef hægt er. Með fábrotu umhverfi er átt við að veggir leikskólans eigi ekki að vera allir út í myndum og öðru skrauti, því færri sem sjónræn áreiti eru því betur gengur barninu að höndla umhverfið. Barnið heldur athygli lengur við sama efni og er ekki sífellt að velta einhverjum utanaðkomandi hlutum fyrir sér. Skipulagt umhverfi veitir barninu öryggi það veit til hvers er ætlast og hvar á að vera hverju sinni.³² Barn finnur oft fyrir öryggisleysi í umhverfi eða aðstæðum sem það þekkir ekki, til dæmis í vettvangsferðum, skiptum á milli stunda þegar skipt er úr samverustund yfir í útiveru og öfugt og skólaleyfum. Til þess að auðvelda barninu breytingarnar þarf að tala um þær og undirbúa vel það sem er í vændum.³³ Aðrar gagnlegar aðferðir sem leikskólakennarar nota við kennslu barna með AMO er til dæmis einvist, hreyfing og merkjasendingar. Einvist er notuð þegar barn hefur brotið af sér hvað eftir annað og aðrar aðferðir hafa ekki gagnast. Markmið einvistar er að barnið rói sig niður og hugleiði hvers vegna til þessarar aðferðar var gripið. Aðferðin felst í því að barnið situr á stól og snýr höfði upp að vegg. Skilaboðin eru skýr og fela í sér að hegðun barnsins hafi verið óæskileg og ekki hafi verið hægt að sætta sig við hana. Barnið verður því að sitja á stólnum og hugsa um hvað það gerði af sér og reyna róa sig niður þar til sá tími sem það á að vera í einvist er runnin út. Til þess að árangur náist má ekki eiga nein samskipti við barnið, það á að vera eitt með sjálfu sér og hugsa um orðin hlut. Í fyrstu má búast við að það mótmæli til dæmis reyni að tala við aðra eða snúa stólnum en þá hefst tímatalningin upp á nýtt. Þessa aðferð verður að nota á varfærnislegan hátt og nauðsynlegt er að hrósa barninu þegar það hefur loksins náð sér niður. Þegar þessi aðferð hefur verið notuð í einhvern tíma getur barnið átt það til að leita sjálft í hana ef það finnur að það ráði ekki við aðstæður.³⁴ Hreyfingaraðferðin felur í sér að barninu er hleypt á ákveðið svæði til dæmis fram á gang til þess að hreyfa sig. Leikskólakennari og barn semja um ákveðið merki sem þau gefa hvort

³¹ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:68

³² Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:67

³³ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:39

³⁴ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:70-71

öðru þegar aðstæður eru barninu ofviða og losna þarf við spennu og óróa.³⁵ Síðasta aðferðin sem fjallað verður um byggist á merkjasendingum. Barnið og kennarinn koma sér upp ákveðnum merkjasendingum. Merkjasendingarnar geta verið með ýmsu móti til dæmis að kinka kolli, bendingar eða fingur lagðir á varir. Einnig er hægt að nota mislit spjöld sem hafa mismunandi þýðingu. Nemandanum þarf að vera ljóst hvað hvert merki eða spjald þýðir og hverjar afleiðingar hunsunar á þeim eru.³⁶

Skiptar skoðanir eru um einvíst aðferðina og telja sumir hana vera of stranga og til þess fallna að brjóta niður sjálfsvirðingu barnsins og því ætti aðeins að nota hana þegar öll önnur þrautaráð hafa verið reynd.³⁷

Refsingar eru yfirleitt óheppilegar því þær benda yfirleitt ekki á rétta hegðun og leiða af sér árásargirni og óvild. Áhrif refsinga minnka einnig því oftast sem þeim er beitt. Barnið lítur upp til fullorðna fólksins til dæmis kennarans og hætta er á að barnið taki upp þá hegðun og reyni að refsa jafnöldrum sínum með slæmum árangri. Refsingar sitja í börnunum og smám saman brýtur það niður sjálfsmýnd þess, áhrifin verða einnig óljós og barninu finnst það ekki vera neins virði.³⁸ Kennarinn þarf því ávallt að muna að hann er fyrirmynd barnanna og þau leita að viðurkenndri hegðun í fari hans, eins og hvernig á að koma fram við aðra, klæða sig og fleira.³⁹ Barn þarf að finna fyrir hlýju og velvild í sinn garð ef barnið gerir eitthvað gott ætti það að fá jákvæða styrkingu en með jákvæðri styrkingu svo sem hrósi eða öðru jákvæðu atferli aukast líkurnar á því að barnið geri aftur það sem það fékk hrós eða bros fyrir. Jákvæð styrking hefur áhrif á öll börn og sérstaklega á börn sem eru ekki von því að fá hrós eða aðra umbun. Neikvæð styrking eins og einvera hefur oft skjót áhrif en hún leiðbeinir ekki um rétta hegðun. Jákvæð styrking felur í sér leiðbeiningu um rétta hegðun og festir yfirleitt jákvæða atferlið í sessi því barnið sækist frekar eftir jákvæðum svörum frá kennara sínum en neikvæðum.⁴⁰

Hér hefur verið greint frá hvernig halda má AMO í skefjum með atferlismeðferð þ.e. jákvæðum og neikvæðum styrkingum en atferlismeðferð er einnig notuð við aðrar félags- og andlegar raskanir s.s. fælmi, kvíða, þráhyggju og þunglyndi.⁴¹ Það er ekki alltaf nóg að beita atferlismeðferð. Mörg börn með AMO

³⁵ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:63

³⁶ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:59

³⁷ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:70-71

³⁸ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:75

³⁹ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:29

⁴⁰ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:74

⁴¹ Eiríkur Örn Arnarsson 1993:611

þurfa einnig að fá lyf til að auðvelda sér daglegt amstur hversdagslífsins. Til þess að fá lyf verða börnin að fá greiningu. Misjafnt er hvernig staðið er að greiningunni og fer það meðal annars eftir aldri barna og hvernig þroskafrávikin uppgötvuðust. Reynt er að greina AMO eins snemma og hægt er þó mörg vægari tífelli greinist ekki fyrr en komið er í grunnskóla.⁴² Meðferðin sem barnið fær eftir greiningu er meðal annars bundin í lyfja-, einstaklings- og fjölskyldumeðferð, því lyf leysa ekki allan vanda. Lyfjameðferð reynist mörgum börnum með AMO mjög vel og bregðast 70-80% þeirra vel við lyfjunum en lyfin eru gefin til að draga úr einkennum AMO. Algengast er að börnum með AMO séu gefin örvandi lyf en við það eykst athygli þeirra, hvatvísi minnkar og þau eiga auðveldara með að halda einbeitingu, hlýða og hegða sér á þann hátt sem samfélagið býst við af þeim. Samskipti við foreldra, jafnaldra og kennara batna.⁴³

⁴² Eðvald Sæmundsen 1993:160

⁴³ Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:16

4. Samstarf heimilis og skóla

Samstarf milli heimilis og leikskóla er einn af veigamiklum þáttum leikskólastarfsins og byggir margt á honum. Ef góð samstaða ríkir milli heimilis og skóla eru mestar líkur á farsælu leikskólastarfi og að barninu líði vel. Börn eru næm á breytingar og geta þær haft mikil áhrif á líðan barnsins.⁴⁴ Með góðu samstarfi milli heimilis og skóla getur starfsfólk leikskóla fylgst betur með þroska barnsins og stuðlað að vellíðan þess.

Leikskólanum ber skylda til þess að veita foreldrum fræðslu og upplýsingar um leikskólastarfið.⁴⁵ Leikskólanum ber einnig skylda til að styðja við bakið á þeim foreldrum sem eiga börn með sérþarfir. Það er ekki aðeins barnið sem þarf meðferð og þjálfun heldur þurfa foreldrar þess einnig stuðning. Það þarf að gera þeim grein fyrir því að AMO stafi ekki af mistökum sem þeir hafa gert í uppeldinu heldur sé barnið eins og það er frá náttúrunnar hendi en mörgum foreldrum léttir við að heyra það.⁴⁶

Til eru mörg dæmi þess að mæður hafi fundið fyrir einkennum AMO hjá barninu sínu meðan á meðgöngu þess stóð.⁴⁷ Þrátt fyrir að sumar mæður hafi fundið svona skýrt fyrir áhrifum AMO strax á meðgöngu kenna foreldrarnir sér og uppeldisaðferðum sínum oft um hvernig barnið þeirra er. Foreldrar barna sem eiga við hegðunarröskun að stríða eiga ótal margt sameiginlegt. Þeir hafa oftár áhyggjur af barninu sínu í daglegu lífi en aðrir foreldrar og þeir lenda oftár í átökum við það. Þeim finnst þeir jafnvel aldrei hafa brugðist rétt við barninu og eru stöðugt að fá hin og þessi ráð frá öðrum í nánasta umhverfi.

Foreldrunum finnst þeir oft hafa prófað allt og fyllast því vonleysi þegar þeir sjá að ekkert virðist ganga. Þeir ganga milli sérfræðinga og lækna með barnið sem eykur enn á stress þeirra og þreytu. Þreyttir foreldrar með mikla sektarkennd eiga það til að bregðast illa við uppátækjum barnsins, vera óþolinmóðir og missa jafnvel stjórn á sér.⁴⁸

Foreldrar kaupa sér stundum frið með því að leyfa barninu eitthvað sem þeir myndu annars ekki leyfa eða kaupa eitthvað handa því t.d. eftir að það tók reiðikast.

⁴⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:31

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla 1999:32

⁴⁶ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:34

⁴⁷ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:21

⁴⁸ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:13

Þegar barnið fær þannig kast er best að leyfa því að koma og ganga þá í gegnum kastið með barninu. Foreldrið eða sá sem gengur í gegnum kastið með barninu þarf að passa að barnið skaði hvorki sig né aðra en þá borgar sig oft að halda á því. Ef barnið biður mann um að sleppa getur maður sagt að maður sleppi því þegar það hefur róast og þegar maður finnur að það hafi róast losa þá aðeins um takið. Ef barnið byrjar aftur að æsast herðir maður takið jafn óðum. Þessi köst geta haft áhrif á hugmynd barnsins um sjálft sig, því getur þótt það vera vont barn. Mikilvægt er að barnið fái þau skilaboð að það sé gott en hegðunin slæm. Þannig aðgreinir kennari eða foreldri hegðunina frá barninu sjálfu. Barninu er settur ákveðinn hegðunarrammur en tilfinningum þess sýndur skilningur.⁴⁹ Foreldrar barns með AMO verða fyrir mikilli streitu því erfitt getur verið að ala upp barn með hegðunarröskun. Því er nauðsynlegt að fjölskyldan fái aðstoð og hafi einhvern vettvang til þess að deila gleði, sorg og öðrum tilfinningum með fólki í svipaðri aðstöðu.⁵⁰

Fjölskylda barns með AMO á háu stigi á rétt á stuðningsfjölskyldu en í *reglugerð nr. 58/1992* segir í 2. grein:

Hlutverk stuðningsfjölskyldu felst fyrst og fremst í því að taka á móti barni eða í sumum tilvikum bæði barni og foreldri, til vistunar í nokkra daga í mánuði í því skyni m.a. að létta álagi af barni eða fjölskyldu þess og leiðbeina foreldrum og styðja þá í forsjárhlutverkinu. Nánar skal kveðið á um hlutverk stuðningsaðila í samningi.⁵¹

Gott er að fjölskylda fatlaðs barns fái stuðning hjá hinu opinbera en það er ekki nóg. Hún þarf einnig að fá fræðslu og stuðning frá leikskólanum því þangað þarf hún að geta leitað út af hinum ýmsu málum sem kunna að koma upp varðandi barnið. Leikskólakennarar barnsins verða að geta leitað til foreldranna og fá að fylgjast með daglegu lífi barnsins. Rannsóknir hafa sýnt að nemandi með AMO vekur kvíða hjá kennara sínum kvíðinn gerir það að verkum að kennarinn verður spenntari, kröfuharðari, óþolinmóðari og tekur upp strangara fas en ella, einnig verður hann óskipulagðari og óruggari. Þetta bitnar ekki einungis á ofvirka barninu heldur einnig

⁴⁹ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:34-35

⁵⁰ Dornbush og Pruitt 2002:24

⁵¹ *Reglugerð um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21.gr. laga nr. 58/1992*

á öðrum börnum á sömu deild.⁵² Til þess að létta bæði af foreldrum og kennurum barnsins þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber leikskólanum að veita foreldrum þann stuðning í uppeldi barna sinna sem þeir þurfa en foreldrarir bera frumábyrgð á uppeldi barnsins. Foreldrarir þekkja barnið sitt best og hafa fylgst með þroskaferli þess frá fæðingu en leikskólakennarar kynnast því hvernig barnið er innan um önnur börn og vita hvernig það bregst við þeim.⁵³ Það má meðal annars stuðla að góðum samskiptum milli heimilis og skóla með foreldrasamtölum en foreldrar barna á leikskóla eiga að geta rætt við leikskólakennara um hagi barnsins þegar þeir óska þess. Foreldrar eiga einnig að fá upplýsingar á upplýsingatöflum, í fréttabréfum og gegnum netið. Leikskólar eru einnig reglulega með opið hús. Foreldrar og aðstandendur barnanna geta þá komið í heimsókn á leikskólann, skoðað hann og fylgst með starfinu sem fer fram.⁵⁴ Mikilvægt er að samband kennara og foreldra barns með AMO sé með þeim hætti að upplýsingar um breyttar aðstæður, svo sem um ný lyf, einkenni o.fl. berist fljótt og örugglega og öllum sé ljóst hverjir hagir barnsins eru hverju sinni.⁵⁵

Í viðtölum við foreldra um hagi barnsins á leikskólanum ætti kennarinn alltaf að byrja á því að segja frá styrkleikum nemandans til dæmis með því að segja að barnið hafi góð tök á tölvunni, viti mikið um dýr, eigi gott með að syngja og þess háttar.⁵⁶

Skapgerð barna er afar mismunandi. Þau eru misjafnlega glaðlynd og mis félagslynd, þurfa mismikla umönnun og taka misjafnlega út þroska sinn.⁵⁷ Börn með AMO hafa ekki valið sér sína fötlun frekar en önnur fötluð börn og þau ætla sér ekki að reyna á þolrif kennarans né annarra.⁵⁸ Mikilvægt er að kennari hafi þetta í huga til dæmis í foreldraviðtölum því auðveldara er fyrir foreldranna að taka því sem þeir heyra um barnið sitt ef upplýsingarnar eru settar fram á jákvæðan hátt. Að segja að barnið sé gott í hinu og þessu og standi sig vel hvað þetta eða hitt varðar gerir auðveldara fyrir foreldrana að sætta sig við það sem gengur ekki eins vel. Kennari ættu að velja orð sína af nærgætni og forðast neikvæðar alhæfingar í foreldraviðtölum. Hann ætti aldrei að koma með alhæfingu um að nemandinn sé latur

⁵² Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:25

⁵³ Aðalnámskrá leikskóla 1999:30

⁵⁴ Aðalnámskrá leikskóla 1999:32

⁵⁵ Dornbush og Pruitt 2002:115

⁵⁶ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:28

⁵⁷ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:36

⁵⁸ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:25

eða kærulaus.⁵⁹ Ef samstarf heimilis og skóla er gott er gott að halda samskiptabók og umbunarkerfi. Samskiptabók er gagnlegt verkfæri til að veita aðhald, skapa reglu og fastan ramma um vinnu og hegðun barns. Samskiptabók auðveldar upplýsingaflæði milli leikskólakennara og foreldra og getur þannig stutt við umbunarkerfið.⁶⁰

Með umbunarkerfi er barn verðlaunað fyrir góða hegðun og refsað fyrir slæma. Umbunarkerfi er ekki auðvelt í notkun það þarf að getað virkað við allar aðstæður svo það bregðist ekki. Ef mikið er að gera hjá fjölskyldu, hún til dæmis á ferðalagi eða álag er í vinnu hjá foreldrum verður umbunarkerfið að halda. Það er mikilvægt að foreldrarnir geri sér grein fyrir hvernig kerfið virkar og að þeir fari eftir því. Foreldrið þarf að gera sér grein fyrir hversu mikla umbun barnið þarf á að halda og það sem foreldrum finnst auðvelt og sjálfsagður hlutur getur verið barninu um megn. Þegar umbunarkerfi er tekið upp þarf að velja ákveðna hegðunarþætti hjá barninu og einbeita sér að þeim. Það skilar ekki árangri að ætla að bæta alla hegðunarþætti barnsins í einu. Foreldrið gæti til dæmis umbunað barninu fyrir að ganga vel um baðherbergið. Kerfið þarf að vera þannig sniðið að hægt sé að taka einn þátt út og setja annan í staðinn.⁶¹ Það þarf að veita umbunina strax svo hún styrki rétta hegðun. Ef umbunin er veitt óreglulega er hætt við að barnið tengi hana ekki við þá hegðun sem verið er að styrkja.⁶²

Mikilvægt er að hrósa barninu til að vega á móti mikilli neikvæðri athygli.⁶³ Beina þarf athyglinni að því jákvæða og skemmtilega í fari barnsins. Í fyrstu getur það verið erfitt en með tímanum verður léttara að koma auga á æskilega hegðun.⁶⁴

Umbunarkerfið tekur enda þegar takmarkinu er náð.⁶⁵

Gæta verður að samræmi í kerfinu og umbuna barninu aðeins fyrir góða hegðun. Það sama gildir bæði heima og í leikskólanum.

⁵⁹ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:28

⁶⁰ Guðríður Adda Ragnarsdóttir 1991:1 [kafli 3]

⁶¹ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:32

⁶² Guðríður Adda Ragnarsdóttir 1999:2 [kafli 1]

⁶³ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:31

⁶⁴ Guðríður Adda Ragnarsdóttir 1999:2 [kafli 1]

⁶⁵ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:30-32

5. Er stuðningur nauðsynlegur kennara barns með AMO?

Eins og áður hefur komið fram er stuðningur við kennara barns með AMO nauðsynlegur. Kennarinn þarf að geta létt á sér og rætt starfið við aðra, leitað ráða hjá samstarfsmönnum sínum á leikskólanum eða leitað til aðila utan skólans.

Í *reglugerð nr. 78/1994* segir í 16. grein að leikskólakennari eigi rétt á nauðsynlegri ráðgjöf og þjónustu frá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.⁶⁶ Misjafnt er hvernig þjónustu sveitarfélögin bjóða upp á og hvernig hún er rekin. Þjónustan getur verið sérstök þjónusta á vegum sveitarfélaga, hluti af ráðgjafarþjónustu eða með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla. Innan hennar á að starfa fagfólk sem hefur uppeldis- og sálfræðimenntun og hefur sérþekkingu á málefni barna á leikskólaaldri.⁶⁷ Sú þjónusta sem leikskólakennarar fá getur því verið misjöfn og farið eftir búsetu.

Auk fræðslu á leikskólakennari rétt á stuðningi fyrir barnið inni á deild þurfi þess með. Samkvæmt *reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995* 7. grein skal ákvörðun um starfsmannaþörf leikskóla vera háð lágmarkskröfum um fermetrafjölda húsnæðis á fjölda þeirra barna sem eru í leikskólanum á sama tíma og fjölda barna miðað við stöðugildi. Stöðugildi barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fer eftir ákvörðun rekstraraðila og skal þá tekið tillit til hvort aukastarfsmaður er ráðinn til að vera barninu til stuðnings, halds og trausts.⁶⁸ Í lögverndarlögum frá árinu 1986 er talað um að sérkennarar skuli kenna börnum með sérþarfir en hinsvegar er ekki minnst á sérkennara í lögum frá árinu 1998.⁶⁹ Sérkennari á að vera menntaður á sviði sérkennslu og hæfur til að sinna börnum sem eiga við námserfiðleika eða hegðunarvandamál að stríða. Deildarstjóri þeirrar deildar sem barnið er á og aðrir eiga að geta leitað til sérkennarans og fengið leiðbeiningar varðandi kennslu og uppeldisaðferðir.⁷⁰

Ekki nægir að leikskólakennari geti leitað sér aðstoðar sérkennara. Hann þarf einnig á stuðningi stjórnanda síns s.s. deildarstjóra og leikskólastjóra að halda en stjórnandinn þarf eins og aðrir starfsmenn að hafa hlotið fræðslu um AMO. Hann þarf að skilja og virða starf leikskólakennarans. Stjórnandi sem skilur og virðir verk

⁶⁶ *Lög um leikskóla nr. 78/1994*

⁶⁷ *Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995*

⁶⁸ *Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995*

⁶⁹ Dornbush og Pruiitt 2002:189-190

⁷⁰ Dornbush og Pruiitt 2002:65

starfsfólks síns leyfir því að þróast í starfi með því að gefa þeim tækifæri til að sækja námskeið, málstofur, fundi og annað það sem tengjast sérkennslu gefur starfsfólki sínu tækifæri til að öðlast þekkingu, reynslu og tækni til að geta kennt börnum með AMO.⁷¹ Nauðsynlegt er að styðja við bakið á kennara barns með AMO því með stuðningi fær hann aukin tækifæri til að menntast og þróa hæfileika sína í kennslu þeirra nemenda sem hann kennir. Það má draga þá ályktun að sjálfstraust kennarans aukist með meiri færni og þekkingu og hann eigi því auðveldara með að bregðast á jákvæðan hátt við athöfnum barnsins og stuðla þannig að betri sjálfsmynd þess og eðlilegri samskiptum.

⁷¹ Rief 1993:197-198

6. Hvernig lítur nemandi með AMO á fötlun sína?

Til eru margar ólíkar skilgreiningar á fötlun. Samkvæmt lækni- og sjónarhorni sem ríkjandi hefur verið mestan hluta 20. aldar er fötlun andstæða þess sem er heilbriggt og eðlilegt. Í því viðhorfi felst að fatlaður einstaklingur sé háður öðrum með lækningu, meðferð, og þjálfun.⁷² Á síðustu árum er oftari litið á fötlun frá félagslegu sjónarhorni. Samkvæmt því orsakast takmarkanir fatlaðra við daglegar athafnir af félagslegum hindrunum sem eru settar af ófötludum meirihluta. Væri hindrunum, s.s. lélegu aðgengi að byggingum, fordómum o. fl. rutt úr vegi væri enginn fatlaður.⁷³

Rannsakað hefur verið hvernig barn með AMO skilur fötlun sína og hegðun og hvernig það túlkar viðbrögð annarra við sér. Rannsókn sýndi að börn sem sáu kvikmynd af barni (með AMO) sem truflaði önnur börn við nám tóku því misjafnlega eftir því hvort þau voru sjálf með AMO eða ekki. Nemendur með AMO töldu nemandann ekkert geta gert við hegðun sinni og kenndu jafnvel einhverjum öðrum um. Þeir töldu að hinir nemendurnir hefðu verið að stríða honum en nemendur án AMO töldu að nemandinn gæti stjórnað hegðun sinni og hann væri óþekkur og vildi trufla. Báðir hóparnir töldu kennarann bregðast við atferli nemandans á neikvæðan hátt, hann myndi skamma nemandann og segja honum að hætta. Nemendur með AMO töldu viðbrögð kennarans neikvæð í garð nemandans, kennaranum væri illa við hann og kennarinn vildi ráða. Hin börnin í rannsókninni töldu kennarann aðeins vinna sitt verk. Nemanda með AMO finnst viðbrögð kennara og skólafélaga sinna óréttlát í garð barna með AMO því maður á ekki að refsa börnum fyrir það sem þau ráða ekki við. Hann skilur ekki atferli kennarans sem væntumþykju og hlýhug til nemandans heldur er hann harðstjóri í hans augum.⁷⁴

Neikvæð athygli getur brotið börnin niður og barn með AMO hefur oft lélega sjálfsmynd og lítið sjálfstraust. Það ber sig saman við jafnaldra sína sem ekki fá neikvæða athygli frá kennurum og skilur ekki af hverju því gengur verr með suma hluti en hin börnin. Barnið getur verið duglegra á sumum sviðum en jafnaldrarnir en sér það ekki því það er upptekið af göllum sínum og einblínir á það sem miður fer. Barnið verður auðsæranlegt, viðkvæmara fyrir umhverfi sínu og verður auðveldlega

⁷² Rannveig Traustadóttir 2003:24-25

⁷³ Rannveig Traustadóttir 2003:29

⁷⁴ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:30-31

fyrir aðkasti frá jafnöldum sínum og barnið upplifir að eitthvað mikið sé að hjá því sjálfu. Barnið vill vera gott, duglegt, þægt og fá hrós líkt og hin börnin.⁷⁵ Barn með AMO getur verið niðurbrotið með skert sjálfssálit og sjálfstraust. Leikskólakennari getur leiðbeint og útskýrt fyrir barninu af hverju brugðist er við háttum þess á neikvæðan hátt og af hverju það hegði sér á þennan hátt. Fyrir barn á leikskólaaldri þurfa leiðbeiningar og útskýringar að vera einfaldar og auðskildar. Ekki er nóg að útskýra einu sinni heldur þarf að endurtaka aftur og aftur æ ofan í æ.⁷⁶

⁷⁵ Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:37

⁷⁶ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:33

7. Rannsókn

Áhugavert er að skoða hvernig stutt er við börn með AMO í leikskóla. Til þess að varpa ljósi á það var starf í leikskólum Akureyrarbæjar skoðað og athugað hvernig það væri sniðið að þörfum barna með AMO og hvort umbóta væri þörf við kennslu og uppeldi barnanna.

Eins og fram hefur komið er mikilvægt við kennslu barna með AMO að huga að eftirfarandi:

- áhuga og sveigjanleika kennarans
- þekkingu á vandamálinu
- náinni samvinnu milli heimilis og skóla
- teymisvinnu (milli kennara)
- stuðningi frá skólayfirvöldum
- virðingu fyrir einstaklingnum og rétti hans
- trú á einstaklinginn⁷⁷

Gerðar voru tvær viðtalsrannsóknir annars vegar voru tekin viðtöl við foreldra sem eiga börn með AMO á leikskólum Akureyrarbæjar og hins vegar tekin viðtöl við kennara barnanna til að komast að því hvað þeim fannst mikilvægast í starfi leikskóla varðandi kennslu, þjálfun og umönnun barnanna. Munu niðurstöður og túlkun á niðurstöðum koma hér á eftir.

Tilgátur: settar fram fyrir viðtal við foreldra barna með AMO:

- 1) Foreldrar fá þá fræðslu og stuðning sem þeir þurfa á leikskólanum.
- 2) Það er alls staðar staðið jafn vel að sérkennslumálum í leikskólum Akureyrar.
- 3) Foreldrar eru yfirleitt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá fyrir börnin sín.

Tilgátur: settar fram fyrir viðtal við kennara barna með AMO:

- 1) Kennarar fá þann stuðning inni á deild sem þeir þurfa.
- 2) Kennarar fá þá fræðslu sem þeir þurfa frá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunni.

⁷⁷ Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1998:15-16

- 3) Samstarf heimilis og skóla gengur vel hjá foreldrum og kennurum barna með AMO.

Úrtak

Úrtak rannsóknarinnar er markmiðsúrtak sem á að endurspegla hvað foreldrum og kennurum barna með AMO finnst um skólakerfið. Markmiðsúrtaki er yfirleitt beitt í sérstökum aðstæðum eins og til dæmis í rýnihópum þar sem úrtakið á að hæfa markmiði rannsóknar.⁷⁸

Úrtakið var valið á þannig að fyrst var fundið þýði yfir foreldra barna með ofvirkni og kennara þeirra í leikskólum Akureyrarbæjar. Það var gert með þeim hætti að leikskólunum var sent bréf þar sem beðið var um ábendingar um foreldra barna með ofvirkni og kennara þeirra. Þá var handahófskennt úrtak tekið úr því þýði. Lokaúrtakið samanstóð af fimm foreldrum barna með ofvirkni og fimm kennurum þeirra. Kennarahópurinn samanstóð af einum leikskólastjóra, einum deildarstjóra, einum sérkennara og einum leikskólakennara. Allir þátttakendur voru konur nema einn.

Aðferð

Stuðst var við eigindlega aðferð sem felst í því að tekin voru viðtöl við foreldra og kennara og þeir spurðir hver í sínu lagi opinna spurninga. Stuðst var við viðtalsramma með nokkrum meginspurningum. Með því að hafa ekki allar spurningar njörvaðar niður getur rannsakandi kafað dýpra og spurt nýrra spurninga meðan á viðtalinu stendur.

Megin spurningarnar sem voru lagðar fyrir foreldra barna með AMO voru:

- 1) Hvernig viðbrögð fékk barnið fyrir og eftir greiningu á leikskólanum?
- 2) Hvaða viðbrögð fengu foreldrar barnsins fyrir og eftir greiningu þess á leikskólanum?
- 3) Er nóg fræðsla og stuðningur fyrir foreldra barna með AMO á leikskólanum?

⁷⁸ Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson 2003:63

Megin spurningar sem voru lagðar fyrir kennara barna með AMO voru:

- 1) Hvernig er samstarfi heimilis og skóla háttað þegar um er að ræða börn með AMO?
- 2) Fá kennarar nógu mikinn stuðning og fræðslu þegar þeir fá barn með AMO inn á deild til sín?
- 3) Er eitthvað sem kennarar vilja bæta við leikskólakerfið varðandi kennslu barna með AMO?

Mælitæki

Með fyrstu spurningu til foreldranna var leitað svara um hvort barnið hefði fengið sömu uppeldisaðferðir og kennslu fyrir og eftir greiningu eða hvort það hefði hlotið skilningsríkara atlæti eftir greininguna.

Annarri spurningu var ætlað að svara hvort foreldrnir hefðu fengið sömu viðbrögð frá starfsfólki fyrir og eftir greiningu barnsins.

Þriðju spurningunni var svo ætlað að svara hvort foreldrunum myndust þeir fá næga fræðslu um AMO og meðhöndlun fötlunarinnar og hvort þeir fengju þann stuðning sem þeir þyrftu.

Fyrsta spurningin sem kennararnir voru spurðir átti að gefa lýsingu á því hvort gott samstarf væri á milli heimila og skóla og hvort foreldrnir leituðu til kennarana varðandi fræðslu. Henni var einnig ætlað að svara hvernig samvinna heimilis og skóla færi fram.

Önnur spurningin sem kennararnir voru spurðir átti að endurspegla viðhorf þeirra til fræðslu og stuðnings og hvaðan og hvernig er fræðslan og stuðningurinn sem þeir fá.

Þriðja og síðasta spurningin var opin og henni ætlað að ná því fram sem brann sem mest á kennurum skólans, hvort sem það varðaði uppeldis- og kennsluaðferðir eða stuðning og fræðslu til þeirra. Auk þess að kanna viðhorf kennara til kerfisins og hvort breytinga væri þörf.

Framkvæmd

Áður en spurningalisti var lagður fyrir þátttakendur var hann forprófaður á leikskólakennara á Akureyri sem hefur lengi unnið við sérkennslu.

Umsókn um leyfi var send til skóladeildar Akureyrarbæjar og leikskólastjóra allra leikskóla á Akureyri í von um að á þeim væri eitthvert barn með AMO. Þegar leyfi hafði fengist var rannsóknin gerð. Viðtöl voru tekin í heimahúsum og í undirbúningsherbergjum leikskólanna á tímabilinu níunda til sextánda mars árið 2007. Ekki þótti ástæða til þess að sækja um leyfi frá Persónuvernd þar sem engar persónugreinanlegar upplýsingar áttu eftir að koma fram við úrvinnslu og kerfið skoðað en ekki persónulegur hagur barnanna.

Úrvinnsla

Þegar svör lágu fyrir voru spurningar og svör greind niður og helstu atriði tekin saman og skráð. Svör starfsfólks leikskóla og foreldra barna með ofvirkni voru svo aðskilin og unnin hvert í sínu lagi. Að lokum voru svörin svo borin saman og unnið með þau sem heild.

Niðurstöður rannsókna – viðtöl tekin við foreldra barna með AMO

Viðmælendurnir í fyrri rannsókninni áttu það allir sameiginlegt að vera foreldrar barna á leikskólaaldri sem höfðu verið greind með AMO og áttu því allir sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Viðbrögð starfsfólks leikskóla við hegðunarröskun barns fyrir og eftir greiningu.

Foreldrar töldu börnin sín fá greiningu frekar seint en það virðist frekar fátítt á Akureyri að börn á leikskólaaldri séu greind með ofvirkni. Það voru þó fjögur af fimm börnum viðmælenda sem höfðu fengið greininguna við fjögurra ára aldurinn.

Þegar fyrsta spurningin: *Hvernig viðbrögð fékk barnið á leikskólanum fyrir og eftir greiningu?* var skoðuð kom í ljós að það fór eftir því á hvaða leikskóla börnin voru hvernig brugðist hafði verið við hegðunarröskun fyrir og eftir greiningu. Ein móðir í hópnum sem var fyllilega sátt við þau viðbrögð sem barnið hennar hafði fengið fyrir og eftir greiningu á leikskóla þess. Öðrum viðmælendum rannsóknarinnar fannst börnunum sínum ekki hafa verið tekið eins vel og að barnið hafi ekki mætt skilningi sem það hefði þurft fyrir greiningu heldur verið skammað og látið mæta afgangi því það hafði ekki ráðið við þau fyrirmæli sem það fékk.

Foreldrarnir voru hins vegar allir sáttir við stuðning og þann skilning sem barnið þeirra fékk eftir greiningu. Börnin fengu öll stuðning inni á deild eftir greiningu og foreldrunum fannst einnig borin meiri virðing fyrir börnum þeirra eftir greininguna. Ýtt var undir góða hegðun hjá þeim og þeim hrósað fyrir það sem vel var gert en þau ekki bara skömmuð og ýtt til hliðar eins og gert var fyrir greiningu.

Foreldrarnir voru ánægðir með þann stuðning sem barnið fékk inni á deild utan ein móðir sem fannst barnið sitt fá of lítinn stuðning þar. Öll börnin voru með stuðning inni á deild í þrjá til fjóra klukkutíma á dag.

Viðbrögð starfsfólks leikskóla gagnvart foreldrum barna með hegðunarröskun fyrir og eftir greiningu barns.

Þegar svör þátttakenda við spurningunni: *Hvaða viðbrögð fékkst þú sem foreldri barns með AMO frá starfsfólki leikskólans fyrir og eftir greiningu þess?* voru skoðuð kom í ljós að aðeins ein móðir fékk góð viðbrögð sem foreldri barns með AMO bæði fyrir og eftir greiningu þess. Hún fékk bæði stuðning og fræðslu frá starfsfólki leikskólans. Fræðslan fór fram á þann hátt að hún gat spurt starfsfólk leikskólans spurninga varðandi AMO og þeir svöruðu spurningum eftir bestu getu, útveguðu og bentu á lesefni, upplýstu um samtök foreldra með AMO sem starfrækt eru á höfuðborgarsvæðinu og í þeim félagsskap gæti hún deilt reynslu sinni með öðrum í svipuðum sporum.

Aðrir foreldrar lýstu því yfir að þeim fyndist vanta allan stuðning við sig sem foreldra barns með AMO. Þeir töldu að brugðist hefði að fræða þá um AMO, réttindi þeirra og skyldur. Þeir hefðu fundið fyrir miklu óöryggi og jafnvel sjálfsásökunum, þeim fannst þeir standa ráðalausir frammi fyrir vandanum þegar börn þeirra voru greind. Foreldrarnir vissu ekki hvað þeir áttu að gera né hvert þeir áttu að leita. Þeir höfðu heyrt um ofvirkni með athyglisbrest en engum dottið í hug að það gæti amað að þeirra barni. Greiningin hafði skotið þeim skelk í bringu og komið eins og þruma úr heiðskýru lofti eins og ein móðirin orðaði það. Foreldrarnir þurftu því að leita sér sjálfir aðstoðar og fræðslu. Tveir þessara fjögurra foreldra höfðu á orði að bókasafnsgrunnurinn gegnir.is hefði verið þeirra stoð og stytta og þar hefðu þeir fundið bækur með upplýsingum um fötunina.

Kostir og gallar leikskólakerfisins. Er eitthvað sem foreldrar vilja bæta?

Þegar svör við spurningunni: *Er nóg fræðsla og nægur stuðningur fyrir foreldra barna með AMO á leikskólanum?* voru skoðuð kom í ljós að allir viðmælendur voru sammála um að hreyfing og útivera væri jákvæður þáttur í leikskólanum. Börn með AMO þurfa hreyfingu til að fá útrás fyrir orkuna sem þau búa yfir. Tvö foreldri nefndu að starfsfólk leikskólans leyfði börnum þeirra að fara út af deildinni og fram á gang til að hreyfa sig ef þau gátu ekki setið kyrr og voru að trufla hin börnin í daglegu starfi leikskólans eins og í hvíld og listasmiðju.

Tveir viðmælenda nefndu að starfsfólk leikskólans væri duglegt að standa hjá börnunum sínum þegar þau þyrftu að bíða í röð eftir að það kæmi að þeim, til dæmis í leik.

Flestum foreldrunum fannst eins og áður hefur komið fram að fræðsla og stuðningur við sig væri ekki nógu mikil og vildu betra samstarf milli heimilis og skóla. Flestir voru með nokkurs konar umbunarkerfi í gangi sem og samskiptabók.

Foreldrarnir vildu sjá meiri aga innan leikskólans og þá jákvæðan aga en ekki refsingar. Þeim þótti öllum skólinn standa sig betur varðandi kennslu og uppeldi við börn sín eftir greiningu en áður. Viðbrögð kennara gagnvart börnunum virtist breytast eftir greiningu, þannig að þau mættu auknum skilningi og meiri virðingu í stað stanslausra skamma.

Niðurstöður rannsóknar – viðtöl tekin við kennara

Viðmælendur í seinni könnuninni áttu það sameiginlegt að vera kennarar barna með AMO. Þeir höfðu mismikla menntun og mislanga reynslu af kennslu barna með AMO. Þeir gegndu mismunandi hlutverki á leikskólunum en hópurinn samanstóð af leikskólastjóra, deildarstjóra, sérkennara og leikskólakennara. Þeir eiga allir sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Samstarf heimilis barna með AMO og leikskóla þeirra.

Þegar svör við spurningunni: *Hvernig er samstarfi heimilis og skóla háttað þegar um er að ræða börn með AMO?* voru skoðuð kom í ljós að allt starfsfólk leikskólanna sem rætt var við var almennt sammála um að samstarfið gengi mjög vel. Til að byrja með getur það verið viðkæmt þegar foreldrar barnanna eru að venjast þeirri tilhugsun að barnið þeirra er með AMO. Foreldrarnir eru viðkvæmir og auðsæranlegir og myndast getur spenna í samskiptum og samstarfi heimilis og skóla.

Samstarfið fer meðal annars fram með þeim hætti að kennarar skrifa almennar upplýsingar til allra foreldra á upplýsingatöflu inni í forstofu og á heimasíðu leikskólans á veraldarvefnum. Foreldrar fá persónulegar upplýsingar um hagi barnsins frá kennurum og láta kennurum persónulegar upplýsingar um barnið í té þegar þeir koma með barnið á leikskólann eða ná í það. Þeir eiga einnig rétt á foreldraviðtölum ef þeir óska þess. Flestir kennaranna höfðu reynt að halda úti umbunarkerfi og samskiptabókum en það gekk misjafnlega vel. Sumir rituðu á hverjum degi í samskiptabækur barna sinna en aðrir rituðu aðeins í samskiptabækur ef eitthvað mikilvægt kom upp á, annað hvort jákvætt eða neikvætt. Umbunarkerfið virkaði misjafnlega vel en helmingur kennaranna voru ánægðir hvað foreldrar tóku virkan þátt í því. Tveimur kennurum fannst umbunarkerfið þyrfti ganga betur hjá sér og að foreldrarnir mættu taka virkari þátt í því. Þeim fannst að það ætti að vera samstaða um það sem er umbunað fyrir á leikskólanum og það sem er umbunað fyrir heima. Þeir sögðu að það koma fyrir að barnið fengi stundum ekki umbun fyrir tilskilda hegðun heima fyrir og að stundum fengi það umbun þegar það ætti hana ekki skilið. Sumir foreldrarnir áttu það jafnframt til að gleyma að segja starfsfólki leikskólans hvernig barninu hefði gengið og því ættu starfsmennirnir það stundum til að verðlauna barnið

þegar það ætti það ekki skilið. Í heild voru þeir ánægðir með samstarfið því eins og einn sagði mannleg mistök eru jú mannleg mistök og geta komið fyrir hvern sem er.

Fá kennarar þann stuðning og fræðslu sem þeir þurfa þegar þeir fá barn með AMO inn á deild?

Þegar svör við spurningunni: *Fá kennarar nógu mikinn stuðning og fræðslu þegar þeir fá barn með AMO inn á deild til sín?* voru skoðuð kom í ljós að allir viðmælendur voru sammála því að þeir hefðu fengið finan stuðning og fína fræðslu frá skóladeild. Þeir sögðu að það mætti alltaf auka fræðsluna og hún væri stöðugt að aukast í samfélaginu. Fræðslan og stuðningurinn sem kennarar fá eru einkum komin frá skóladeildinni og sögðust kennararnir hringja þangað eða senda bréf þegar þá vantar aðstoð. Þeir sögðu þjónustuna frá skóladeild skilvirka og að þeir fengju alltaf svör fljótt.

Kennararnir voru sammála um að auka mætti fræðslu um AMO innan leikskólans almennt en þeim fannst engan veginn nóg að þeir einir fengju fræðslu um AMO heldur þyrfti að fræða alla starfsmenn leikskólans.

Kennararnir töldu sig alltaf ráða við aðstæður sem kæmu upp varðandi börn inn á deild hjá sér að meðtöldum börnum með AMO. Þeir sögðu að ef einhverjar aðstæður kæmu upp sem þeir réðu ekki við myndu þeir tala við skóladeild og foreldra barnanna og þá væri unnið með þær aðstæður.

Algengt reyndist að börn væru stimpluð börn þeirrar deildar sem þau eru á og að þau væru í umsjá starfsfólks deildarinnar og þá sérstaklega í útiveru. Þó var annað starfsfólk leikskólans ekki sofandi á verðinum heldur kallaði það í starfsfólk deildarinnar ef eitthvað bjátaði að hjá barninu eða eitthvað var í uppsiglingu hjá því.

Þrátt fyrir að starfsmönnum fyndust þeir hafa fengið góðan stuðning tóku þeir skýrt fram að þeim þótti þeir þurfa enn meiri stuðning inni á deild, því eins og einn kennari hafði að orði:

Það þarf náttúrulega meiri stuðning og ekki bara stuðning tvo eða þrjá tíma á dag. Það þarf bara stuðning allan daginn þegar það er á leikskólanum og eins þegar það kemur upp í grunnskóla það þarf bara stuðning þar inni áfram. Börn eru ekki ofvirk eða með athyglisbrest í 5 tíma á dag.

Hugmyndir leikskólakennara varðandi umbætur á leikskólastarfi fyrir börn með AMO

Þegar svör við spurningunni *Er eitthvað sem kennarar vilja bæta við skólakerfið varðandi kenningu barna með AMO?* voru skoðuð kom í ljós að allir viðmælendur vildu aukinn stuðning inn á deild. Þeir töldu ekki nóg að hafa stuðning inni á deild í tvo til þrjú tíma á dag heldur töldu þeir að barnið þyrfti stuðning allan daginn, þegar það væri á leikskólanum. Börn eru ekki aðeins ofvirk fjóra tíma á dag heldur allan daginn.

Einn viðmælandi hafði á orði að hann vildi að öll þjónusta við barnið og foreldra þess gæti farið fram innan leikskólans þá átti hann einkum við tal- og sjúkraþjálfun. Hann taldi að það væri nóg fyrir foreldrið að þurfa fara í sálfræði- og læknisvitjanir með barnið utan skólatíma þó svo að tal- og sjúkraþjálfun bættust ekki við en á hans leikskóla sótti foreldrið barnið til þess að fara með það í sjúkra- og talþjálfun.

Kennarar telja mikilvægt að annað starfsfólk leikskólans fái fræðslu um AMO. Þeir töldu að með aukinni fræðslu væri hægt að taka öðruvísi á agamálum. Allir vissu þá hvað ættu að gera þegar eitthvað kæmi upp á og þannig myndi meiri samstaða myndast milli allra aðila.

8. Umræða

Könnun var gerð á fjórum leikskólum Akureyrarbæjar og á heimilum foreldra sem áttu börn á þeim leikskólum. Markmið hennar var að kanna hvort fyrir væru einhverjir þættir í leikskólastarfinu sem mætti betrumbæta varðandi kennslu og uppeldi barna með AMO. Markmiðið var einnig að kanna hvort kennarar og foreldrar barna með AMO fyndust þeir fá nægar stuðning og fræðslu um kennslu og uppeldi barnanna og hvaða viðbrögð börnin og foreldrar þeirra fá frá starfsfólki leikskólans fyrir og eftir greiningu. Einnig var spurt um hvernig samstarfi leikskóla og heimila barnanna væri háttað.

Helstu niðurstöður sýna að foreldrum og kennurum þótti ýmislegt mega bæta við kerfið og þjónustuna sem börnin fá innan leikskólans. Helst má nefna að foreldrarnir voru yfirleitt ánægðir með stuðninginn sem börnin fengu inni á deild en kennararnir voru ekki sáttir við tveggja til fjögurra tíma stuðning inni á deild á hverjum degi. Þeir vildu að börnin fengju stuðning allan þann tíma sem þau dvelja á leikskólanum. Kennarar og foreldrar líta ekki eins á málið. Foreldrar eru ánægðir með allan þann stuðning sem þeir fá fyrir barnið sitt en kennararnir eru kröfuharðari og ætlast til meiri stuðnings. Sífelld er talað um að aðstæður barna með sérþarfir séu að batna en velja má fyrir sér hvort það sé raunverulega rétt því ef litið er á lög frá árinu 1986 áttu börn með sérþarfir réttindi á kennslu frá sérkennara en í lögum frá árinu 1998 er ekki minnst á sérkennara.⁷⁹ Sérkennari er menntaður á sviði sérkennslu og því ætti hann að vera best til þess fallinn að kenna börnum með sérþarfir eða börnum sem eiga við hegðunarvandamál að stríða.⁸⁰ Það gæti því verið spurning hvort almennir kennarar eru meðvitaðir um þetta og vilji reyna að fá aukna sérkennslu fyrir börn með sérþarfir í stað þess að tapa henni niður miðað við fyrri réttindi. Einn kennari taldi vænlegast að öll þjónusta við börnin s.s. tal- og sjúkraþjálfun færi fram innan leikskólans og komið í veg fyrir að barnið og foreldrar þess þurfi að sækja þjónustu víða með þeim óþægindum sem því fylgir.

Það myndi gera barninu auðveldara fyrir því barn með AMO finnur fyrir öryggisleysi þegar það kemur í umhverfi og aðstæður sem það þekkir ekki en það á

⁷⁹ Dornbush og Pruitt 2002:189-190, 65

⁸⁰ Dornbush og Pruitt 2002:65

við þegar verið er að skipta um stundir, t.d. þegar barnið þarf að fara úr leikskólanum til tal- eða sjúkráþjálfara.⁸¹

Foreldrnir vildu jákvæðari aga inni í leikskólunum en börnin þurfa skýran ramma og jákvæðan aga til þess að þeim líði vel og finni öryggi.

Foreldrar vildu einnig bæta fræðslu og stuðning til þeirra sjálfra. Flestir foreldranna álitu að þeir fengju ekki nóga fræðslu né stuðning frá leikskólanum. Þeim fannst flestum þeir hafi mætt skilningsleysi og að barnið þeirra hafi einungis verið skammað fyrir greiningu en eftir greiningu breyttust samskiptin og barnið fékk stuðning inni á deild og var ekki tekið eins mikið út úr og áður.

Foreldrnir álitu einnig að þeir fengju ekki fá nægan stuðning né fræðslu frá starfsfólki leikskólans eftir greiningu barnsins þar sem greiningin kom yfirleitt eins og þruma úr heiðskýru lofti og gerði foreldrana ráðalausa. Sumir foreldrar fundu fyrir sjálfsásökunum og fannst það þeim að kenna að barn þeirra væri með AMO.

Foreldrar eru oft að því komnir að gefast upp og þjakaðir af sektarkennd vegna þess að þeim finnst þeir hafa reynt allt sem þeir geta.⁸² Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber leikskólum að veita foreldrum þann stuðning sem þeir þurfa á að halda við uppeldi barna sinna.⁸³

Getur verið að starfsfólk leikskólans treysti sér ekki til að mæta þörfum foreldra fyrir stuðning og fræðslu þar sem það telur sig ekki hafa næga þekkingu til þess? Eða gerir það sér ef til vill ekki grein fyrir því að foreldrnir þurfa á fræðslu og stuðningi að halda? Gæti ef til vill verið sniðugt af skóladeild að bjóða foreldrum á fræðslufundi með kennurunum svo þessir tveir hópar gætu rætt saman um það eftir fræðsluna hvernig eigi að bregðast við hinu og þessu hjá barninu.

Getur verið að foreldrar séu ekki að leita aðstoðar heldur ætlist til þess að leikskólakennararnir komi til þeirra með þann stuðning og þá fræðslu sem þeir þurfa. Eða gæti verið að kennararnir séu hræddir við að ræða við foreldra um vandann vegna þess að þeir vita að foreldrnir eiga erfitt og eru undir tilfinningalegu álagi eftir að barnið þeirra hefur verið greint.

Það kom á óvart hversu misjafnlega leikskólarnir veita foreldrum fræðslu og stuðning því þeir fá allir sömu þjónustu frá skóladeild Akureyrarbæjar. Lítil hluti foreldra var fullkomlega sáttur við þjónustuna sem þeir fengu frá leikskóla barnsins,

⁸¹ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:39

⁸² Elín Elísabet Jóhannsdóttir 2001:34-35

⁸³ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:30

þeir töldu sig ekki hafa fengið viðeigandi stuðning eða fræðslu þrátt fyrir að allir leikskólarnir hefðu fengið sömu fræðslu frá skóladeild Akureyrarbæjar.

Það kom líka mjög á óvart hve fá börn eru greind með AMO í leikskólum Akureyrarbæjar sérstaklega ef það er miðað við greiningartölur, t.d. að þrjú til fimm prósent grunnskólanema eru greind með AMO og af þeim ein stúlka á móti hverjum þremur til fjórum drengjum. Rannsóknunum ber þó ekki öllum saman um þennan fjölda og segja sumar rannsóknir að það séu jafnvel enn fleiri börn með AMO í grunnskólum.⁸⁴

Tilgátur sem settar voru fram fyrir viðtal við foreldra barna með AMO voru:

1. Foreldrar fá þá fræðslu og stuðning sem þeir þurfa á leikskólanum.
2. Það er alls staðar staðið eins vel að sérkennslumálum í leikskólum Akureyrar, hvað varðar sérkennslu barna með AMO.
3. Foreldrar eru yfirleitt ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá fyrir börnin sín.

Segja má að tilgátur rannsóknarinnar um viðhorf foreldra til sérkennslumála í leikskólum sínum hafi ekki staðist nema að hálfu leyti. Foreldrarnir voru ánægðir með þann stuðning sem börnin þeirra fengu eftir greiningu en flestir foreldranna voru óánægðir með þá fræðslu, stuðning og þjónustu sem þeir fengu sjálfir frá starfsfólki leikskóla.

Miðað við það að misjafnt var eftir leikskólum hvernig foreldrum fannst brugðist við sérþörfum fellur tilgátan um að alls staðar sé jafn vel staðið að sérkennslumálum innan leikskóla Akureyrar,

Foreldrarnir voru ánægðir með viðbrögð starfsfólksins eftir greiningu en óánægðir með viðbrögð þess við hegðun barnsins fyrir greiningu það má því ætla að greiningin sé forsenda þess að brugðist sé rétt við og að börnin fái þjónustu við hæfi.

⁸⁴ Ragna Freyja Karlsdóttir 2001:16-17

Tilgáturnar sem settar voru fram fyrir viðtal við kennara barna með AMO

1. Kennarar fá þann stuðning inni á deild sem þeir þurfa.
2. Kennarar fá þá fræðslu sem þeir þurfa frá ráðgjafar- og sálfræðipjónustunni.
3. Samstarf heimilis og skóla gengur vel hjá foreldrum og kennurum barna með AMO.

Segja má að tilgáturnar sem vörðuðu fræðslu og stuðning við leikskólakennara eru réttar. Leikskólakennarar telja sig fá þá fræðslu sem þeir þurfa frá ráðgjafar- og sálfræðipjónustunni sem í þessu tilfelli er skóladeild Akureyrarbæjar. Þeir voru einnig almennt sáttir við samstarf heimilis og skóla þó svo þeim fyndist ýmislegt mega betur fara.

Lokaorð

Þróun sérkennslu hefur verið ör á síðustu árum og áratugum þar sem lagabreytingar og þjóðfélagsbreytingar hafa orðið. Ætla mátti að þessar breytingar hefðu gert leikskólakerfið betra fyrir fatlaða einstaklinga en það er. Rannsóknin sem gerð var sýnir þó að gera megi betur hvað varðar kennslu barna með AMO. Það kom á óvart að flestir foreldrar eru ekki nógu ánægðir með þá fræðslu og þann stuðning sem starfsfólk leikskóla veitir þeim varðandi fötlun barnsins þeirra, sérstaklega ef lítið er til þess að starfsfólkið taldi sig hafa fengið mjög góða fræðslu frá skóladeild Akureyrarbæjar. Starfsfólkið taldi að meiri stuðning þyrfti inn á deild því það væri ekki nóg að hafa stuðning í þrjá til fjóra tíma á dag þar sem barnið væri ofvirkt allan daginn en ekki bara hluta hans.

Það kom jafnframt nokkuð á óvart að flestir foreldrar vildu meiri jákvæðan aga og skýrari agastefnu innan leikskólans. Þau börn sem eiga við hegðunarröskun að stríða þurfa mjög skýran ramma og því þurfa þau meiri aga en gengur og gerist.

Þess ber að geta að úrtak rannsóknarinnar var lítið þ.e. fimm kennarar og fimm foreldrar tóku þátt í könnuninni. Áhugavert væri að gera samanburðarrannsókn á sérkennslu barna með AMO í leikskólum mismunandi stórra sveitarfélaga til dæmis í Reykjavík, á Akureyri og á Siglufirði.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.

Dornbush, Marilyn P. og Sheryl K. Pruitt. 2002. *Tígurinn taminn. Handbók fyrir þá sem annast kennslu nemenda með athyglisbrest, Tourette-heilkenni eða árattu- og þráhyggjuröskun*. Þórey Einarsdóttir og Eva Hallvarðsdóttir þýddu. Reykjavík, Tourette-samtökin á Íslandi.

Dóra S. Bjarnason. 1998. *Leikskóli fyrir alla- rannsókn á viðhorfum starfsfólks Dagvistar barna í Reykjavík til leikskóla fyrir alla 1986-1996*. Reykjavík, Bókaforlagið Una.

Eðvald Sæmundsen. 1991. Proskafrávik og fötlun. *Stóra sálfræðibókin*. Reykjavík, Mál og menning.

Eiríkur Örn Arnarsson. 1991. Atferlismeðferð. *Stóra sálfræðibókin*. Reykjavík, Mál og menning.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir. 2001. *Skrefi á undan. Forvarnarefni ætlað foreldrum barna í ákveðnum áhættuhópum*. Reykjavík, Prentsmiðjan Oddi.

Guðríður Adda Ragnarsdóttir. 1999. *Gríptu til góðra ráða. Vísir að handbók um atferlisstjórnun handa foreldrum, kennurum og ráðgjöfum í skólaþjónustu*. Akureyri, Skólaþjónusta Eyþings.

Heiðrún Sverrisdóttir. 1996. *Ráðstefna menntamálaráðuneytisins um ýmis málefni barna og unglinga með sérþarfir*. Samnýting sérfræðiþjónustu í leik og grunnskóla. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Lög um leikskóla nr. 78/1994

Margrét Margeirsdóttir. 2001. *Fötlun og samfélag. Um þróun í málefnum fatlaðra*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen. 1998. *Þroski og hegðunarvandi*. [Ritröð uppeldi og menntunar]. Reykjavík, Bókaforlagið Una.

Ragna Freyja Karlsdóttir. 2001. *Ofvirknibókin. Fyrir kennara og foreldra*. Kópavogur, Ragna Freyja Karlsdóttir.

Rannveig Traustadóttir. 2003. *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995

Reglugerð um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna

Rief, Sandra F. 1993. *How to reach and teach ADD/ADHD children. Practical techniques, strategies and interventions for helping children with attention problems and hyperactivity*. West Nyak, N.Y, The center for Applied Research in Education

Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerir vegna nemenda með sérþarfir. 1995. [Alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir, Salamanca, Spáni, 7-10. júní 1994]. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson. 1996. Um úrtök og úrtaksaðferðir. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson), bls. 51-67. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.

Fylgiskjöl

Viðtalsrammi – leikskólakennarar barna með AMO

Viðtalsrammi – foreldrar barna með AMO

Viðtalsrammi – leikskólakennarar barna með AMO

1. Hvernig finnst þér samstarf heimilis og skóla ganga þegar um er að ræða börn með athyglisbrest með eða án ofvirkni?
2. Hefur þú einhverja hugmyndir um hvernig megi betrumbæta skólakerfið fyrir börn og foreldra barna með athyglisbrest með eða án ofvirkni?
3. Hvernig finnst þér stuðningur við þig sem leikskólakennara /grunnskólakennara barns með ADHD, hvernig fer hann fram, hvað finnst þér að mætti betur fara í þeim stuðningi?
4. Finnst þér þú alltaf ráða við aðstæður varðandi barnið? Hvað gerir þú þegar þú ræður ekki við aðstæðurnar?
5. Er eitthvað annað sem þú myndir vilja bæta í starfi skólans þ.e. hvað varðar kennslu barna með AD/HD, ef svo er þá hvað?
6. Er eitthvað tengslanet utan um börn með ofvirkni með eða án athyglisbrests í leikskólanum?
7. Finnst þér þú hafa fengið næga fræðslu í upphafi þegar þú fékkst barnið inn í þinn bekk hvað varðar fötlun þess? Hvernig var þeirri fræðslu háttað hefðir þú viljað fá öðruvísi fræðslu og þá hvernig?
8. Hver hefur umsjón með þessum einstaklingum finnst þér þau vera álitin “þín börn” og á þinni ábyrgð?
9. Eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

Viðtalsrammi – foreldrar barna með AMO

1. Hve gamalt var barnið þitt þegar það greindist?
2. Hvernig fannst þér skólakerfið bregðast við hegðun barnsins fyrir greiningu?
3. Hvernig fannst þér skólakerfið bregðast við hegðun barnsins eftir greiningu?
4. Getur þú nefnt þætti í starfi skólans sem voru jákvæðir gagnvart hegðun barnsins?
5. Getur þú nefnt þætti í starfi skólans sem voru neikvæðir gagnvart hegðun barnsins?
6. Breyttist það við greiningu?
7. Finnst þér vera einhver þáttur sem leikskólastarfið mætti taka upp eftir grunnskólastarfinu varðandi kennslu þessara barna? Ef svo er þá hver?
8. Er eitthvað annað sem þú myndir vilja bæta í starfi skólans þ.e. hvað varðar kennslu barna með athyglisbrest með eða án ofvirkni ef svo er þá hvað?
9. Hvaða viðbrögð fenguð þið sem foreldrar barna með ofvirkni?
10. Fannst ykkur skólinn standa sig nógu vel í fræðslu og stuðningi ykkur til handa?
11. Eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?